



Borgarráð

Viljayfirlýsing til Bjargs íbúðarfélags

Í samræmi við markmið Húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar um fjölbreytt framboð húsnæðiskosta fyrir alla félagshópa og félagslega fjölbreytni innan hverfa, Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 og samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarsvæðum er óskað eftir því að borgarráð samþykki viljayfirlýsingu milli Reykjavíkurborgar og Bjargs íbúðafélags á níu þróunarlóðum í Reykjavík fyrir allt að 505 íbúðum. Samhliða veitir Reykjavíkurborg lóðarvilyrði fyrir allt að 190 íbúðum í Haukahlíð, Gufunesi II og Rangárseli. Áætluð úthlutun þeirra lóða er á árunum 2022 til 2024. Áður hefur Reykjavíkurborg veitt vilyrði eða úthlutað lóðum fyrir allt að 210 íbúðum sem koma til framkvæmda á næstu misserum. Alls hefur Reykjavíkurborg veitt vilyrði eða úthlutað lóðum fyrir allt að 905 íbúðir.

Ívar Örn Ívarsson
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Hjálagt: óundirrituð viljayfirlýsing dags. 1.apríl 2022.

Viljayfirlýsing

Í samræmi við markmið Húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar um fjölbreytt framboð húsnæðiskosta fyrir alla félagshópa og félagslega fjölbreytni innan hverfa, Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 og samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarsvæðum gera Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar eignasjóðs, kt. 570480-0149, Ráðhúsi Reykjavíkur og Bjarg íbúðafélag hses (hér eftir Bjarg), kt. 490916-0670, Kletthálsi 1, 110 Reykjavík með sér svohljóðandi viljayfirlýsingu um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík á næstu árum:

1. Reykjavíkurborg lýsir yfir vilja til að úthluta lóðum með byggingarrétti fyrir búseturéttar – eða leiguíbúðir á vegum Bjargs, á eftirfarandi lóðum/svæðum:
 - a. Veðurstofuhæð: Áætluð úthlutun árið 2024 fyrir allt að 50 íbúðir.
 - b. Korpureitur: Áætluð úthlutun árið 2025 fyrir allt að 50 íbúðir.
 - c. Vogur: Áætluð úthlutun árið 2025 fyrir allt að 73 íbúðir.
 - d. U reitur: Áætluð úthlutun árið 2025 fyrir allt að 50 íbúðir.
 - e. Safamýri: Áætluð úthlutun árið 2025 fyrir allt að 50 íbúðir.
 - f. Miklubrautarstokkur: Áætluð úthlutun árið 2026 fyrir allt að 70 íbúðir.
 - g. Skerjafjörður II: Áætluð úthlutun árið 2027 fyrir allt að 72 íbúðir.
 - h. Sæbrautarstokkur: Áætluð úthlutun árið 2028 fyrir allt að 40 íbúðir.
 - i. Óstaðsett: Áætluð úthlutun árið 2028 fyrir allt að 50 íbúðir.
2. Samhliða veitir Reykjavíkurborg vilyrði fyrir allt að 190 íbúðum á fjórum lóðum, Haukahlíð, Rangársel og tveimur lóðum í Gufunesi II. Áætluð úthlutun þeirra er á árunum 2022-2024.
3. Bjarg lýsir yfir vilja til að taka þátt í samstarfi um uppbyggingu hagkvæms húsnæðis á nýjum þróunarreitum í borginni.
4. Hönnun íbúðarhúsnæðis verði í samræmi við markmið Húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar um fjölbreyttar húsagerðir, blöndun íbúðargerða innan hverfa og aukið framboð smærri íbúða, fyrir alla félagshópa.
5. Verð byggingarréttar fer eftir nánara samkomulagi. Greidd verða gatanagerðargjöld í samræmi við gildandi gjaldskrá Reykjavíkurborgar hverju sinni.
6. Félagsbústaðir hf. hafa forkaupsrétt á föstu verði á allt að 5% íbúða sem byggðar verða og getið er um í 1. tölulið þessarar viljayfirlýsingar.
7. Nánari skilmálar lóðanna munu koma fram í úthlutunarbréfi og skipulagsgögnum.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, í samstarfi við Umverfis- og skipulagssvið er falið að framfylgja þessari viljayfirlýsingu.

Viljayfirlýsing þessi var samþykkt á fundi borgarráðs 31. mars. 2022

https://reykjavik.is/sites/default/files/husnaedisaaetlun/Myndir/2019/husnaedisaaetlun_reykjavikurborgar_nov_2019.pdf

Reykjavík, 1. apríl 2022

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Bjargs íbúðafélags hses